



Efnisyfirlit

1.	AÐGENGI.....	2
1.1	Inngangur	2
1.2	Forsendur hönnunar	2
1.2.1	Aðkoma, umferðarleiðir og dvalarsvæði utandyra	3
1.2.2	Aðalinngangur og aðrar umferðarleiðir innandyra	3
1.2.3	Íbúðarhúsnæði	3
1.2.4	Byggingar til annarra nota en íbúðar	3
1.2.5	Flóttaleiðir	4
1.3	Helstu niðurstöður	4
2.	EINANGRUN.....	4
2.2	Forsendur hönnunar	4
2.2.1	Einangrun	4
2.2.2	Rakapétting	5
3.	HLJÓÐVIST.....	5
4.	BRUNAHÖNNUN	6
5.	BURÐARPOL.....	7
6.	LOFTRÆSING	7
7.	LAGNIR.....	7
8.	LÝSING.....	7
9.	ÖRYGGISMÁL	7
9.1	Aðrar upplýsingar	7



1. AÐGENGI

1.1 Inngangur

Um er að ræða nýbyggingar, Veiðihús og Starfsmannahús við Hafralónsá – byggingarnar eiga að rísa á í landi Þorsteinsstaða, í Langanesbyggð, nafn á lóð er, Þorsteinsstaðir 1. Veiðihúsið útfært með þjónustu og gistirýmum fyrir veiðimenn sem eru við veiði í Hafralónsá veiðihúsið er að hluta til á tveimur hæðum, í starfsmannahúsi er á einni hæð, 5 herbergi fyrir starfsmenn, 2 baðherbergi, eldhús í alrými þvottahús, þvottahús og ræsting í sama rýminu og forstofa. tæknirými og geymsla. Birt flatarmál fyrir veiðihúsið er 582,8m², birt flatarmál fyrir starfsmannahús er 126,6m². aðkoma og bílastæði er sunnan við húsið, aðalinngangur vísar í suður og er tengdur bílastæði með göngustíg/stétt, sameiginlegt bílastæði fyrir bæði húsin er við starfsmannahús.

Verkkaupi er Sólarsalir ehf.

Þeir hönnuðir sem koma að verkinu:

- Aðaluppdrættir og hönnunarstjórn- Snidda
- Burðarþol – Teknik verkfæðistofa
- Loftræsing – Teknik verkfræðistofa
- Lagnir almennt – Teknik verkfræðistofa
- Lýsing og raflagnir – Lumex
- Öryggismál - Snidda

1.2 Forsendur hönnunar

Snidda arkitektastofa hefur að beiðni verkkaupa, þróað verkefnið með Sólarsölum ehf, verkefnið hefur verið í þróun með hléum frá árinu, 2022. Staðsetning er í landi Þorsteinsstaða, í fasteignaskrá er lóðarnafn, Þorsteinsstaðir 1, (L238824) útfært með þjónustu og gistirýmum fyrir veiðimenn sem eru við veiði í Hafralónsá. Veiðihúsið er ein heild, skiptist í þjónustueiningu þar sem eru öll sameiginleg þjónustu rými eru fyrir starfseminna, geymslur, vöðlurými, lager, tæknirými, starfsmanna inngangur, eitt herbergi fyrir starfsmenn og önnur starfsmannaaðstaða og síðan gistieiningar með tilheyrandi fylgirýmum fyrir gesti og veiðimenn. Starfsmannahús er á einni hæð, 5 herbergi fyrir starfsmenn, 2 baðherbergi, eldhús í alrými þvottahús, þvottahús og ræsting í sama rýminu og forstofa. tæknirými og geymsla.

Eins og fram kemur hér fyrir ofan hefur verkefnið verið í þróun með hléum frá árinu 2022 og hefur tekið nokkrum breytingum á tímabilinu, meðal annars, staðsetning, stærð og fleira. Eftir yfirferð fyrirbyggjandi hugmynda frá þróunarferlinu, með breytingum og aðlögun að valinni staðsetningu/lóð, liggja nú meðfylgjandi aðaluppdrættir fyrir.

Veiðihúsið er, 582,8m² (Brúttó). Í þjónustueiningu eru, forstofa, vöðlurými, stofa, borðstofa, eldhús, starfsmannaaðstaða auk fylgirýma sem starfsemin kallar á, eitt herbergi fyrir starfsmenn eru í þjónustueiningu. Í þjónustueiningu eru einnig 3 gestaherbergi. Aðskilin gistieining samanstendur af 3 gestaherbergjum og meðfylgjandi göngum fylgirýmum. Á efri hæð veiðihússins er, borðstofa, stofa og bar, svalir eru á efri hæð. Í tengibyggingu milli gistieiningar og aðalbyggingar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir heita og kalda potta, einnig er rými fyrir Yoga iðkun eða aðra léttu gólfleikfimi. Byggingin getur hýst 6–12 gesti og 1–2 starfsmenn. Munu því mest 14 manns geta gist í húsinu, miðað við að tveir dvelji í hverju svefnherbergi.

Starfsmannahús er 126,6m² (Brúttó) á einni hæð, 5 herbergi fyrir starfsmenn, 2 baðherbergi, eldhús í alrými þvottahús, þvottahús og ræsting í sama rýminu og forstofa. tæknirými og geymsla.

Við hönnun veiðihússins er miðað við að almenn rými og svæði séu aðgengileg fyrir alla, fólkslyfta er milli hæða í húsinu, eðli starfsemi á svæðinu krefst þess að fólk komist ferða sinna fótgangandi að og á veiðisvæðum, á þeim grundvelli er vikið að einhverju leiti frá sjónarmiðum um algilda hönnun. Ef hlutverk hússins breytist þá eru stærðir herbergja þannig að möguleiki er á að breyta herbergjum á auðveldan hátt þannig að þau verði aðgengileg með því að snúa rúmum og taka niður glerveggi milli sturtu og salernis, sjá grunnmynd í aðaluppdráttum.



1.2.1 Aðkoma, umferðarleiðir og dvalarsvæði utandyra

Byggingin er staðsett og felld að landi þannig að góð tenging sé milli umhverfis, útisvæðis og byggingarinnar sjálfar.

Byggingarmar eru staðsettar með útsýni og nálægð við veiðiánna í huga. Aðkoma að byggingu verður skýrt afmörkuð og greiðfær. Útisvæði og lóð verður að öðru leiti ekki hannað með tilliti til algildrar hönnunar.

Engin þrep eru í gönguleiðum að inngangi byggingarinnar. Hæðarmunur er jafnaður þannig að þeir sem ætla um innganga byggingarinnar komist auðveldlega um. Á lóð er 1. bílastæði fyrir hreyfihamlaða, 3,8 m x 5 m, viðkomandi bílastæði verður merkt með lóðréttu skilti, bílastæðið er staðsett innan við 25 m frá aðalinngangi. Hindrunarlaus umferðarleið með frágengnu yfirborði verður frá bílastæði að aðalinngangi.

Hleðslustöðvar fyrir raf og tengitvinn bíla eru við almenn sameiginleg bílastæði við starfsmannahús, umferðarleiðir eru allar öruggar og aðgengilegar. Veiðihúsið er að stærstu leiti í einum fleti sem gerir sjúkraflutninga og aðkomu slökkviliðs auðveld, fólkslyfta er fyrir þann hluta hússins sem er á tveimur hæðum, á efri hæð er bar, borðstofa, setustofa gesta. Inngangur og aðkomuleiðir eru greinilegar í lóðahönnun, breidd gönguleiða er hvergi undir 1,5 m og halli aldrei yfir 1:20. Við hönnun lóðar er leitast við að raska sem minnst náttúrulegu umhverfi veiðihússins, frágangur lóðar og útisvæða er þannig útfært að ekki er hætt á uppsöfnun vatns.

1.2.2 Aðalinngangur og aðrar umferðarleiðir innandyra

Umferðaleiðir innan byggingarinnar eru öruggar og henta fyrirhugaðri notkun. Umferðarleiðir um bygginguna eru nægjanlegar til að anna umferð fólks um bygginguna, sjúkraflutningum og öðrum flutningum. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra inngangsdyra er yfir 0,83 m og samsvarandi hæð yfir 2,07m. Miðað er við að átak við að opna hurðir fari ekki yfir 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss fer aldrei undir 0,80 m og samsvarandi hæð aldrei undir 2,00 m.

Umferðarleiðir innan byggingarinnar eru allar greiðar og anna þeirri umferð sem gert er ráð fyrir að verði í byggingunni. Gangar eru allir yfir 1,3 metrum.

1.2.3 Íbúðarhúsnæði

Á ekki við

1.2.4 Byggingar til annarra nota en íbúðar

Hönnun miðar að því að rými innan byggingarinnar henti fyrirhugaðri starfsemi og þau þannig gerð að uppfylltar séu kröfur um vinnuvernd, hollustuhætti og öryggi, séu hagkvæm í rekstri og viðhaldi.

Byggingin er atvinnuhúsnæði og mun uppfylla lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðir og reglur sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, sbr. m.a. reglur Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða og ákvæði í reglugerð um hollustuhætti uppfyllt eftir því sem við á miðað við áætlaða starfsemi í húsinu.

Í byggingunni er fullnægjandi fjöldi snyrtinga og ræstiklefa. Flutningaleiðir fyrir aðföng og úrgang eru um starfsmannainngang og aðalinngang þegar það á við, greiður aðgangur er að sorptunnum við húsið. Sorptunnur verða á afmörkuðum stað og þannig staðsettar að þær valdi hvorki sjón- né lyktarmengun fyrir gesti hússins. Gert er ráð fyrir að í húsinu geti 6-12 gestir og 1-2 starfsmenn gisti. Svefnherbergi gesta eru 6, öll útbúin með sér baðherbergi, öll gestaherbergi eru með glugga í útvegg og greiðan aðgang um svalahurð út undir bert loft. Vegna eðli starfseminnar og óskum verkaupa er ekki fylgt í hvívetna reglum um aðgengi fyrir alla í svefnherbergjum gesta, en möguleiki er að breyta herbergjum á þann hátt að þau uppfylli skilyrði þar um með því að snúa rúmum og taka niður glerveggi við salerni.

Í húsinu er eitt baðherbergi í sameiginlegu rými með snúningshring 1,5 m fyrir framan salerni, eitt salerni er fyrir starfsmenn, inn af kaffistofu starfsmanna, læstir munaskápar eru í starfsmannaaðstöðu.



Í aðalbyggingu er eitt svefnherbergi er fyrir 1-2 starfsmenn ásamt sér baðherbergi. Gert er ráð fyrir að aðrir starfsmenn veiðihússins verði með aðstöðu í sér starfsmannahúsi sem samhliða byggingu veiðihúss verður byggt, suð-suð- austan við aðalbyggingu eins og fram kemur á afstöðumynd.

1.2.5 Flóttaleiðir

Flóttaleiðir og björgunarop í húsinu eru útfærð samkvæmt 9.5 kafla í byggingarreglugerð.

Byggingin er í notkunarflokki 4. Gert er ráð fyrir að í húsinu séu mest 8 -14 manns (6-12 gestir og 1-2 starfsmenn). Ekki er talin hætt á þvögumyndun í húsinu. Ekki er gert ráð fyrir að allir séu kunnugir umhverfinu. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu, vegna starfseminnar er húsið mannlæst hluta ársins.

Neyðarlýsing skal vera nægjanleg þannig að rýming byggingarinnar sé möguleg við straumrof og skal neyðarlýsingin að lágmarki lýsa í 60 mínútur eftir straumrof. Almenn lýsing í flóttaleiðum skal ekki vera minni en 1 lux. Uppdráttur sem sýnir útgönguleiðir í byggingunni verður festur á vegg við inngangshurð í öllum gistirýmum ásamt upplýsingum um viðbrögð gesta við eldsvoða.

Frá hverju gistirými og þeim rýmum sem gert er ráð fyrir að gestir dvelji í, eru fullnægjandi flóttaleiðir, allar flóttaleiðir eru einfaldar, auðrataðar og greiðfærar. Úr hverri notkunareiningu er a.m.k. tvær flóttaleiðir sem eru óháðar hvor annarri. Dyr í flóttaleiðum eru merktar samkvæmt reglum, vegna líttillar hættu á þvögumyndun þá eru einhverjar hurðir í húsinu sem opnast á móti flóttátt. Merkingar verða við allar flóttaleiðir samkvæmt reglum þar um.

Aðkoma slökkviliðs er frá bílastæði sunnan við bygginguna. Í upphafi slökkvistarfs er ekki um annað slökkvivatn að ræða en það sem slökkvilið kemur með á staðinn, nálægðin við Hafralónsá gerir það að mögulegt að koma dælum í ána ef slökkvivatn þrýtur af tönkum slökkviliðs, - þó ber að hafa í huga að mjög bratt er frá veiðihúsinu og niður að Hafralónsá, aðgengi að ánni er líka árstíðarbundið, bratt og óöruggt.

1.3 Helstu niðurstöður

Aðgengi um húsið er gott, ekkert óvenjulegt er á lóð eða í umhverfi hússins sem bregðast þarf við með sérstökum útfærslum í hönnun á húsinu eða lóð. Aðkoma er hönnuð þannig að aðgengi er hindrunarlaust. Vegna eðli starfseminnar og staðsetningu húss er gert ráð fyrir því að undanþága verði veitt á ákvæðum um aðgengi fyrir alla.

Ef eða eðli starfseminnar breytist þá er möguleiki á að breyta herbergjum á þann hátt að þau verði aðgengileg með því að snúa rúmum og taka niður glerveggi við salerni.

2. EINANGRUN.

2.2 Forsendur hönnunar

2.2.1 Einangrun

Að teknu tilliti til ákvæða 13. kafla byggingareglugerðar Nr. 112/2012 Mannvirkjastofnunar, með áorðnum breytingum, eru gildandi staðlar og kröfur um einangrun og varmamma forsendur hönnunar hússins.

Sökkjar eru staðsteyptir, einangraðir að utan með 50mm sökkulplötum og 75mm EPS einangrun innan á sökkul vegg, 400mm niður fyrir botnplötu, vatnspétting er sett á sökkulvegg þar sem jarðvegur liggur að sökkul. Klætt er yfir einangrun að utanverðu, með 12mm Viroc plötum, 40cm niður fyrir frágengin jarðveg við húsið. - Botnplata er staðsteypt, einangrun undir plötu er 75mm EPS einangrun, 24kg/m³. Kólnunartala botnplötu skal mest vera 0,3 (W/m² K).

Léttir útteggir eru einangraðir með 145mm þéttull, 30 kg/m³, utanhússklæðning 25mm „en þá to“, sett á loftað undirkerfi, loftunarbili er að lágmarki 20mm. Steyptir útteggir eru einangraðir með 100mm Veggplötum 80kg/m³, utanhússklæðning steyptra veggja er 25mm „en þá to“, sett á loftað undirkerfi, loftunarbili er að lágmarki 10mm



Þak á þjónustu einingu, sem snýr er mænispak með hliðruðum mæni, annars vegar er halli 13° og hinsvegar er halli 34°. Burðarvirki er hefðbundnar trésperrur sem hvíla á útveggjum, mænis-ás, berandi innveggjum og burðarbitum í því umfengi sem kemur fram á uppdráttum sérhönnuða. Þakið er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með áföstum vindpappa (pam>20).

Þak á herbergja einingu, mænispak með 20° halla. Kvistir eru með 42°þakhalla, kvistir ganga út úr útveggjum og niður í jörð, bæði í herbergjum og á gangi. Burðarvirki kvista eru hefðbundnar trésperrur sem hvíla á útveggjum, mænis-ás, berandi innveggjum og burðarbitum í því umfengi sem kemur fram á uppdráttum sérhönnuða. Þakið er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með vindpappa (pam>20). Kólnunartala í þökum skal mest vera 0,2 (W/m² K).

Samantekt á forsendum.:

- Staðsteyptir sökkjar, einangrun er 50mm EPS 14kg/m³ og 75mm einangrun innan á sökkulveggi, klæðning er 12mm Virioc. Vatnspétting er sett á sökkla þar sem jarðvegur liggur að sökkulveggjum
- Gólf er einangrað með 75 mm EPS einangrun, 24 kg/m³
- Útveggir eru einangraðir með 145mm þéttull, 30 kg/m³ og 100mm Veggplötum 80kg/m³
- Þak einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³
- Gluggar og hurðir eru ál- tré gluggar, með minnst 12 mm loftbili og minnst 8 mm í opnanlegum fögum.

2.2.2 Rakapétting

Þök eru létt þök með 13°, 34°, 20° og 42° halla, Þök eru klædd með 18mm þakkrossvið, Þakdúk, - Öndunardúk - "Solitex Mento" með (sd-gildi 0,05) - eða sambærilegt. Þakdúkur er klemmdur á súð með 35X45mm listum, með naglapéttiböndum, krosslektur 45X95mm eru settar þvert á „klemmi“ lista, veðurkápa er Alu-zink.

Rakavarnarlag í loftum er Intello-Plus, samskeyti á rakavarnarlagi í lofti eru tryggð með límbandi eða kitti samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda eða með klemmilisti sem skráfaður er yfir samskeyti, allt eftir aðstæðum á hverjum stað í húsinu. Við útveggi er rakavarnarlag tryggt með því að klemma það í kitti undir rafmagnsgrind eða tryggja samsetningu með öðrum viðurkenndum hætti. Þegar notað er límband eða önnur efni til samsetningar á rakavörn skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda og tryggja að þau efni sem notuð eru gangi saman.

Votrymi í húsinu eru öll skilgreind með gólfniðurfalli, lokuð rými skilgreind með vélrænu útsogi eða loftræst um opnanlega glugga. Eldhús, ræsting og þvottahús eru loftræst með vélrænni loftræsing. Veggir í votrymum eru klæddir með vatnsheldum gífsplötum á rafmagnsgrind og á veggja grindur. Í öllum tilvikum eru plötur ekki blindfeldar að gólfi, lofti eða í lóðréttum kverkum, við láréttar og lóðréttar kverkar skal vera 3-5mm fúga sem fyllt er í með polyurethan kitti, - kítta skal í kverkar á hverju plötulagi fyrir sig og vígsla plötuskeytum á hverju lagi. Lokafrágangur veggja í votrymum undir flísalögn er að kverk- borðar eru lagðir í kitti og þéttikvoðu í allar kverkar, lóðréttar og láréttar, lofkafrágangur undir flísalögn eru tvær umferðir af raka-þéttikvoðu yfir alla fleti.

Í þvottahúsi, inntaksrými, ræstingu, vöðlurými og öðrum votrymum þar sem ekki er flísalagt og hætta er á gufumyndun, eru veggir málaðir með „akrýl 35“ eða sambærilegu viðurkenndu efni.

3. HLJÓÐVIST

Forsendur fyrir hljóðvist miðast við að kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfylltar. Þar segir: „Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45“.

Ekki liggur fyrir eiginleg hljóðvistarhönnun fyrir húsið, en farið er eftir leiðbeiningum frá hljóðvistarhönnuði ásamt leiðbeiningum framleiðenda fyrir uppbyggingu veggja og samsetningu byggingahluta. Þar sem það á við eru lagnir slitnar frá burðarvirki og gengið frá með þéttingu milli rýma. Leiðarar innveggja eru með „hljóðfilt“ og skulu settir upp að sperrum eða burðargrind niður hengdra lofta, milliveggir skulu í öllum tilvikum rjúfa lofta og vegg klæðningu milli herbergja og annarra rýma, neðri leiðarar eru einnig með „hljóðfilt“, í milliveggjum sem skilgreindir eru með tvöföldum „hljóð“ stoðum



skal þess gætt að leiðarar liggi ekki saman og lóðréttar stoðir standist ekki á til að tryggja hljóðeinangrun. Lóðréttar stoðir milliveggja sem liggja að útvegg eða að öðrum innveggjum skulu rjúfa klæðningu milli rýma, ekki skal blindfella klæðningar, 3mm fúga skal vera í öllum kverkum við veggj og gólf, við lokafrágang skal fylla í fúgu með viðurkenndum fúgumassa undir málningu, eða flísalögn, með viðurkenndu efni miðað við aðstæður á hverjum stað og eftir því sem við á.

Tryggt verður að uppbygging veggja uppfylli kröfur til lágmarki kröfur um hljóðleiðni, skv. töflu 37.

Hljóðkröfuflokkur C. ÍST 45, 2016. Lofthljóðeinangrun - hljóðflokkur fyrir gististaði.

Lágmarksgildi fyrir vegið hljóðeinangrunargildi í flokki C er samkvæmt töflu 37. í staðli ÍST 45:

Á milli gistisherbergja og milli gistisherbergja og sameiginlegra rýma $R'_{w} 52$ dB

Á milli gistisherbergja og sameiginlegra ganga og annarra innirýma þar sem dyr tengja rými saman $R'_{w} 44$ dB hljóðstig innanhúss frá umferð. Hámarksgildi fyrir A-vegið jafngildishljóðstig innanhúss í

gistisherbergjum $L_p, Aeq, 24h$ frá umferð skal vera 30 dB og A-vegið hámarkshljóðstig L_p, A, max frá umferð ökutækja skal vera 45 Db. Gólfefni eru flísar, parket og epoxy.

Loft eru tekin niður að hluta í Þjónustueiningu og að hluta til í gistieiningu, sjá nánar í sniðmyndum og á yfirlitsmynd fyrir loftaklæðningu í verkeikningum. Gífsplötur eru hvergi blindfældar að veggjum, fyllt í

fúgu 3mm fúgu með viðeigandi kítu. Í þjónusturýmum eru gífsplötur neðan á rafmagnsgrind og 25mm hljóðisogsplata, $75kg/m^2$, hljóðisogsdúkur er strektur á grind, lokafrágangur á lofti er bandsagað 22×145 mm máluð, timburklæðning með 20mm fúgu, loftaklæðning er með skugga fúgu að veggjum. Í

Eldhúsi og öðrum þjónusturýmum er lokafrágangur á loftum, kerfisloft, „Rockfon“ eða sambærilegt efni, hljóðisogsplötur gerðar til að þola 100% loftraka við 40° hita, annarstaðar þar sem loft eru tekin niður eru loftin plötuklædd, sléttspörtluð og máluð.

4. BRUNAHÖNNUN

Brunavarnir eru ákvarðaðar út frá kröfum byggingarreglugerðar nr. 112 frá 2012, með síðari uppfærslum. Byggingin er í notkunarflokki 4.

Byggingin er ein brunasamstæða og skiptist í aðskilin brunahólf, hvert gistisherbergi er sjálfstætt brunahólf, tvær flóttaleiðir eru úr hverju gistisherbergi í herbergja álmu, báðar flóttaleiðir eru um hurðir út undir bert loft, annarsvegar svalahurð í herbergi og hinsvegar fram á gang, - af gangi er síðan flóttahurð út undir bert loft. Á efri hæð, borðstofa/stofa, eru flóttaleiðir um svalahurðir út á svalir efri hæðar og um stiga niður á neðri hæð. Af gangi neðri hæðar er flóttahurð út undir bert loft á vinstri hönd þegar komið er niður úr tröppum. Flóttaleiðir úr gistisherbergjum á neðri hæð eru um björgunarop í gluggum og fram á gang - af gangi er síðan flóttahurð við enda gangs og út undir bert loft. Frá starfsmannaaðstöðu er flóttaleið um starfsmanna inngang og um björgunarop í herbergi starfsmanna.

Megin burðarvirki hússins uppfyllir kröfu um R60 brunamótstöðu, brunamótstaða veggja milli brunahólfa er EI60, brunamótstaða hurða milli brunahólfa skal vera EI2-30-CS200. Gengið er frá brunapéttingu við þak sem uppfylla REI-60 samkvæmt grein 9.6.11.

Loft eru tekin niður að hluta í Þjónustueiningu og að hluta til í gistieiningu, sjá nánar í sniðmyndum og á yfirlitsmynd fyrir loftaklæðningu í verkeikningum, lagnir sem teknar eru gegnum brunahólfandi veggj, skal ganga frá með viðurkenndum hætti skv. kröfum um brunapéttingu, skv.4.4.6 gr í byggingarreglugerð. Gert er ráð fyrir að í húsinu séu mest 8-15 manns (6-12 gestir og 2-3 starfsmenn). Seldar eru gistinætur í húsinu og því ekki allir kunnugir umhverfinu.

Ekki er talin hætta á þvögumyndun í húsinu þar sem fólksfjöldi er undir 30 manns. Reykskynjarar eru í svefnherbergjum og í öðrum rýmum byggingarinnar eins og sýnt er á grunnmynd aðaluppdrátt. Reykskynjarar eru merktir á grunnmynd, samtengdir og tengjast í stjórnstöð fyrir brunaviðvörunarkerfi. Handslökkvitæki eru merkt inn á grunnmynd, handslökkvitæki eru staðsett við alla innganga, samkvæmt teikningu – sjá grunnmynd aðaluppdrátt. (6l léttvatnstæki), að auki er eldvarnarteppi er í eldhúsi. Sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni, stjórnstöð brunakerfis er í vöðlurými inn af anddyri. Út- og neyðarlýsing er í flóttaleiðum, neyðarlýsing má ekki fara undir 1 lux í miðlinu flóttaleiða, skv. reglugerð og ÍST EN1838: 1999 Lightning Application - Emergency Lighting og EN 50172: 2004: Emergency Escape Lighting Systems. Staðsetning ÚT ljósa er sýnd á aðaluppdráttum.

Aðkoma slökkviliðs er frá bílastæði sunnan við bygginguna. Í upphafi slökkvistarfs er ekki um annað slökkvivatn að ræða en það sem slökkvilið kemur með á staðinn, nálægðin við Hafralónsá gerir það



að mögulegt er að koma dælum í ána ef slökkvivatn þrýtur af tönkum slökkviliðs, - þó ber að hafa í huga að mjög bratt er frá veiðihúsinu og niður að Hafalónsá, aðgengi að ánni er árstíðarbundið, bratt og óöruggt.

5. BURÐARÞOL

Greinagerð um burðarþol er unnin af Teknik verkfræðistofu. Sjá Greinagerð Teknik um burðarþol sem verða sendar með séruppráttum.

6. LOFTRÆSING

Greinagerð um loftræsingu er unnin af Teknik verkfræðistofu. Sjá Greinagerð Teknik um loftræsingu sem verða sendir með séruppráttum.

7. LAGNIR

Greinagerð um lagnir er unnin af Teknik verkfræðistofu. Sjá Greinagerð Teknik um lagnir sem verða sendar með séruppráttum.

8. LÝSING

Greinagerð um lýsingu er unnin af Lumex. Sjá greinagerð raflagna hönnuðar með séruppráttum.

9. ÖRYGGISMÁL

Birta í umferðarleiðum bygginga og lóða verður nægjanleg og þannig að allir gestir og starfsmenn athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Neyðarlýsing kviknar við straumrof.

Allar gönguleiðir eru „hreinar“ hvergi skaga innréttingar eða veggir út í gönguleiðir. Gengið verður þannig frá yfirborði gólflata í umferðarleiðum að ekki sé hætt á að fólk hrasi eða detti. Yfirborðsefni eru valin þannig að hálkuvíðnám þess henti við þær aðstæður sem við á.

Allur búnaður sem festur er á vegg svo og alla útistandandi byggingarhluta skal staðsetja minnst 2,2 m yfir gólfi umferðarleiða.

Hreinsiefni eða önnur varasöm og hættuleg efni sem notuð eru fyrir hreingerningu og annan rekstur hússins eru í læstu rými.

Glerveggir eru með öryggigleri samkvæmt gr. 8.5.2 í byggingarreglugerð. Glerveggir, glerhurðir svo og rúður í umferðarleiðum í og við byggingu verður merktur á greinilega hátt. Gler er valið samkvæmt Rb-blað.

Gengið verður frá öllum hreyfanlegum hlutum þannig að ekki verði hætt á að fólk klemmi sig.

Lagnir skulu þannig frágengnar að ekki er hætt á að fólk geti brennt sig snerti það búnaðinn.

Dyr að almennum snyrtingum sem aðeins er hægt að læsa/opna innan frá verða með læsingum sem að við neyðartilvik er hægt að opna með sérstökum búnaði utan frá.

Eldstæði og reykháfar eru þannig frágengnar að ekki skapist hætt á að fólk brenni sig snerti það þennan búnað í ógáti.

9.1 Aðrar upplýsingar

Fylgiskjöl:

Aðalupprættir Sniddu gefnir út 23.06.2025.

Greinargerðir – Veiðihús og Starfsmannahús við Hafralónsá



Snidda Arkitektastofa er með gæðastjórnunarkerfi sem samþykkt er af mannvirkjastofnun skv. 24. gr, 31. gr og 32. gr. laga um mannvirki nr 160/2010.

Aðalhönnuðir Sniddu fylgja öllum þeim lögum, reglugerðum og innri verklagsreglum er snúa að útgáfu teikninga. Hönnunarstjórn er á vegum aðalhönnuðar hjá Sniddu ehf. sem mun sjá um að samræma aðaluppdrætti, þar sem það á við, s.s við verkfræðiteikningar, séruppdrætti og önnur hönnunargögn. Hönnunarstjóri sér einnig til þess að greinargerðir hönnuða skili sér.

Við rýni gagna styðst hönnunarstjóri við gátlista mannvirkjastofnunar 9.030 - yfirferð hönnunargagna, ásamt tengdum stoðritum frá mannvirkjastofnun, innri gátlistum og verklagsreglum aðalhönnuða hjá Sniddu ehf. varðandi yfirferð og rýni hönnunargagna.

Egilsstaðir 07.07.2025

Snidda Arkitektastofa.